

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
jakob@skipulag.is
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 14. febrúar 2019
UST201902-024/J.S.J.
08.25.02

Efni: Matskyldufyrirspurn - Viðhaldsdýpkun og efnislosun við Þorlákshöfn

Vísað er í erindi Skipulagsstofnunar, dags. 4. febrúar sl., þar sem óskað er umsögn Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Fram kemur í greinagerð framkvæmdaaðila að framkvæmdin feli í sér 147.000m³ viðhaldsdýpkun á næstu þrem árum og losun á áður raskan losunarstað. Heildarmagn dýpkunarefnis er um 49.000m³ á ári næstu þrjú árin eða til loka 2021. Dýpka á áður röskuð svæði til að viðhalda dýpi í innsiglingunni við Þorlákshöfn.

Efnislosun er fyrirhuguð suðaustur af höfninni á 40 m dýpi, losunarstaðurinn er 25.000m² að flatarmáli. Losunarstaðurinn hefur verið notaður vegna dýpkana sem fram hafa farið í Þorlákshöfn síðastliðna áratugi. Í gengum tíðina hefur innsigling Þorlákshafnar nokkrum sinnum verið dýpkuð. Dýpi við innsiglingu þarf að vera a.m.k. 9,0m til að hún nýtist þeim skipum sem hún er hugsuð fyrir í dag að mati framkvæmdaaðila.

Eftirlit verður með að verktaki dýpki einungis innan skilgreinds dýpkunarsvæðis og losi á skilgreindum losunarstöðum. Losunarstaðurinn verður mældur fyrir og eftir dýpkun og því hægt að fylgjast nánar með áhrifum dýpkunarframkvæmda á svæðið í komandi framtíð.

Umhverfisáhrif

Svæðið sem um ræðir, þ.e. hafnarmynnið og fyrirhugaður efnislosunarstaður og það lífríki sem þar er nýtur ekki sérstakrar verndar. Umhverfisstofnun bendir þó á að í grennd við hafnarsvæðið í Þorlákshöfn eru þekkt sellátur landsela, þ.e. Þórkötlustaðir-Selvogur vestan við hafnarsvæðið og Eyrarbakka-, Stokkseyrarfjara og Ölfusá austan við. Selir eru metnir á valista spendýra og er landselur metinn sem tegund í bráðri hættu (CR).

Fram kemur í greinagerð að þrjú sýni innan hafnar í Þorlákshöfn hafi verið tekin og rannsökuð með tilliti til þungmálma og þrávirkra efna. Samkvæmt þeim niðurstöðum voru efnainnihald mældra efna innan leyfilegra marka.

Umhverfisstofnun bendir á að sú rannsókn sem vitnað er til í greinagerð var framkvæmd árið 2001 og því varla marktæk sem núverandi gildi þungmálma og annarra óæskilegra efna í hafnarstæðinu.


Fram kemur í greinagerð að rannsókn var gerð í tengslum við förgun á dýpkunarefni úr höfninni í Þorlákshöfn árið 2006. Botndýrum var safnað og mat gert á verndargildi þeirra á losunarstað. Öll botndýr sem fundust í rannsókninni eru algeng í náttúru Íslands og telst verndargildi þeirra vera lágt. Áætlað er að áhrif framkvæmdarinnar á botndýralíf við Þorlákshöfn verði óveruleg, enda er botndýralíf á þessum stað aðlagð að óstöðugu umhverfi.

Umhverfisstofnun bendir á að ætla megi að grófasti hluti dýpkunarefnis falli til botns innan fyrirhugaðs losunarsvæðisins, eða rétt við það, en fingerðari hluti efnisins taki lengri tíma að falla til botns og því líkur á að sá hluti efnisins dreifist út fyrir losunarsvæðið.

Niðurstaða

Efnistakan og efnislosunin fer fram á svæðum sem þegar hafa verið röskuð við sambærilegar framkvæmdir. Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Stofnunin telur þó að framkvæmdaaðili ætti að kanna hvort ástæða sé til að vakta ástand losunarstaðar og afdrifa dýpkunarefnis, með tilliti til þess að þekkt sellátur er í nokkurra kílómetra fjarlægð, austan og vestan við fyrirhugaðan losunarstað.

Umhverfisstofnun bendir á að varp dýpkunarefnis í hafi er háð leyfi skv. 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Stofnunin hefur heimild til að veita slíkt leyfi, eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar og þegar ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu liggur fyrir.


Jón Smári Jónsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst


Axel Benediktsson
Sérfræðingur